Nr. 461 29. apríl 2014

# AUGLÝSING

**um breytingu deiliskipulags Dettifossvegar innan Norðurþings.**

Á fundi bæjarstjórnar Norðurþings 18. febrúar 2014 var samþykkt tillaga skipulags- og byggingarnefndar að breytingu deiliskipulags Dettifossvegar innan Norðurþings. Í þessari breytingu eru afmarkaðir tveir reitir undir vinnubúðir og skilmálar settir fyrir notkun þeirra. Ennfremur er skipulagssvæðið útvíkkað örlítið til suðurs, að landamerkjum við Skútustaðahrepp. Þar er skilgreindur lítill reitur undir vatnsöflun og raforkuframleiðslu fyrir bílastæði sunnan sveitarfélagamarka.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Húsavík, 29. apríl 2014.*

**Gaukur Hjartarson,** skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 15. maí 2014